

Gjaldskrá Rekstrarfélags Sarps frá 1.1.2021

Árlegt þjónustugjald

Gjaldskrá Rekstrarfélags Sarps er þrepaskipt og tekur mið af ársverkafjölda viðkomandi safns.

Miðað er við 133.391 kr. á ári fyrir hvert ársverk. Eftir því sem ársverkum fjölgar er stigvaxandi álagning á gjald hvers ársverks, reiknað í þrepum eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Prepaskipting	Verð á þrepi (kr.)
Ársverk á bilinu 0 og 5	133.391
Ársverk umfram 5 og upp í 10: Grunn gjald með 20% álagi	160.069
Ársverk umfram 10 og upp í 20: Grunn gjald með 40% álagi	186.747
Ársverk umfram 20 og upp í 30: Grunn gjald með 80% álagi	240.104
Ársverk umfram 30 og upp í 40: Grunn gjald með 100% álagi	266.782
Ársverk umfram 40 og upp í 50: Grunn gjald með 120% álagi	293.460
Ársverk umfram 50: Álag eykst um 20% á hverju þrepi (tíu ársverk) sem við bætist en verður þó aldrei hærri en 200%.	

Tekið er mið af nýjustu ársverkatölum viðurkenndra safna hjá safnaráði, en önnur söfn þurfa að senda Rekstrarfélagi Sarps upplýsingar um ársverk eigi síðar en í ágúst ár hvert.

Í gjaldskrá 2021 er miðað við ársverk ársins 2018, í gjaldskrá ársins 2022 verður miðað við fyrirbyggjandi ársverk vegna ársins 2019 og þannig koll af kalli.

Lágmarksárgjald: Árgjald fyrir aðild að Sarpi verður aldrei lægra en sem nemur einu ársverki.

Ef tveir aðilar eða fleiri sem aðild eiga að Rekstrarfélagi Sarps sameinast, skal gjaldtaka frá næstu áramótum eftir að samruni eða sameining með öðrum hætti tekur gildi miðast við samanlagðan ársverkafjölda beggja eða allra aðila.

Ef tveir aðilar eða fleiri sem ekki eiga allir aðild að Rekstrarfélagi Sarps sameinast, skal gjaldtaka miðast við samanlagðan ársverkafjölda beggja eða allra aðila þegar að því kemur að sameiningarárið verður viðmið gjaldskrárinnar. Ef viðkomandi tekur við sameiningu upp nýtingu á Sarpi í starfi þess hluta safnsins sem ekki var aðili áður skal frá næstu áramótum eftir að samruni eða sameining með öðrum hætti tekur gildi miða við samanlagðan ársverkafjölda beggja eða allra aðila.

Ofangreind verð eru án virðisaukaskatts.

Reikningar eru gefnir út ársfjórðungslega. Gjald dagi þjónustugjalds er 5. þess mánaðar er reikningur er gefinn út og eindagi fjórtán dögum eftir gjalddaga.

Aðild fyrirtækja og annarra sem ekki eru söfn:

- Árgjald fyrirtækja, þar með talin hlutafélög og sameignarfyrirtæki skal miða við **fimm** ársverk.
- Óski aðili sem ekki fellur í flokk safna eða fyrirtækja eftir aðild, úrskurðar framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Sarps um gjaldtöku hans.

Önnur gjöld

Framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Sarps getur tekið ákvörðun um að innheimta gjald fyrir aukaverk, sé umfang eða eðli þeirra þannig að það teljist umfram eðlilega þjónustu félagsins.

Verðhækkanir

Öll verð samkvæmt gjaldskrá þessari hækka miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í ágúst 2020 sem er 485,1. Næsta verðhækkun verður 1.1.2022 og tekur mið af vísitölu neysluverðs í ágúst 2021.

Dæmi um útreikning á árgjaldi:

Safn með 17,3 ársverk greiðir samtals 2.830.553 kr. sem reiknast þannig:

5 x 133.391

5 x 160.069

7,3 x 186.747